

**Fundur haldinn í fræðslunefnd Húnavatnshrepps  
að Húnavöllum 12. nóvember 2009**

Fundur settur af formanni. Mæting skv. undirskriftum. Á dagskrá er:

1. Undirbúningur að gerð fjárhagsáætlunar
2. Önnur mál.

1. Þorkell lagði fram drög að viðhaldslista Húnavallaskóla. Hann leggur mikla áherslu á að gúmmíhellur verði lagðar undir leiktækin við sparkvöllinn á næsta ári. Einnig að haldið verði áfram að skipta um glugga sem illa eru farnir. Heilbrigðiseftirlitið hefur gert athugasemdir við bekki í búningsklefum og verður að fara í viðhald eða endurnýjun á þeim ásamt bekkjum í fatahengjum.

Fram kom að um 30 tölvur eru í skólahúsnæðinu. Borist hefur tilboð frá Símanum um endurnýjun á tölvukosti skólans sem er mjög hagstætt.

Fræðslunefnd leggur mikla áherslu á að fyrstu fjórir liðirnir á viðhaldslistanum komist á fjárhagsáætlun næsta árs. Ítrekað er að sem fyrst verði gengið frá gúmmíhellum undir leiktækin við sparkvöllinn til að fyllsta öryggis sé gætt.

Þorkell og Ægir voru kallaðir á fund með sveitarstjóra og oddvita til að ræða sparnaðarhugmyndir varðandi rekstur skólans. Skipaður hefur verið hópur til að skoða þau mál. Framlög Jöfnunarsjóðs munu skerðast töluvert á næsta ári.

Fræðslunefnd leggur áherslu á að sparnaðartillögur muni ekki koma niður á gæðum skólastarfsins.

2. Þorkell sagði frá samræmdu könnunarprófunum. Niðurstöður úr 4. og 7. bekk eru ókomnar en töluvert er síðan niðurstöður úr 10. bekk lágu fyrir. Þetta reyndist 10. bekk erfitt í haust en útkoman var góð eigi að síður. Þorkell sér ekki tilgang með þessum prófum fyrir 10. bekk.

Þorkell kynnti niðurstöður úttektar á sjálfsmatsaðferðum Húnavallaskóla. Skýrslan fær mjög góða umsögn og ber að geta þess að hún er aðgengileg öllum til aflestrar á bókasafni skólans.

Ábending kom fram um að bæta þarf lýsingu við leikskólann utandyra.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið.

*Þóra Sverrisdóttir (sign)*

*Ægir Sigurgeirsson (sign)*

*Þorkell Ingimarsson (sign)*

*Birgitta H. Halldórsdóttir (sign)*

*Magdalena M. Einarsdóttir (sign)*

*Eline Schrijver (sign)*

*Kristín Rós Sigurðardóttir (sign)*